

REGLUGERÐ**76**

7. júlí

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Svalbarðseyri við Eyjafjörð
nr. 220 20. desember 1951.

1. gr.

Öll gjöld, sem greiða ber samkvæmt hafnarreglugerðinni, hækki um 50%.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 7. júlí 1961.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir verðlaunasjóð Lárusar Björnssonar 77
og Péturínu Jóhannsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmála- 12. júlí
ráðherra 12. júlí 1961.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir verðlaunasjóð hjónanna Lárusar Björnssonar bónda og Péturínu Jóhannsdóttur húsfreyju í Grímstungu, Áshreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir verðlaunasjóður Lárusar Björnssonar og Péturínu Jóhannsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af vinum þeirra Grímstunguhjóna í Vatnsdal og víðar, hinn 13. maí 1960, í tilefni af 50 ára búskap Lárusar, 45 ára hjúskap þeirra hjóna og 70 ára afmæli Lárusar þann 10. desember s. l.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 27500.00, er ávaxtast í Sparisjóði A.-Hún. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, né heldur sameina öðrum sjóði eða sjóðum. Tekjur sjóðsins eru sá hluti vaxta, er ekki koma til útborgunar (sbr. 6. gr.), svo og áheit og gjafir eða önnur framlög. Er allt slíkt jafnt háð ákvæðum skipulagsskrár, sem frumstofninn og má aldrei skerða.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn þannig: Ráðunautur í búfjárrækt fyrir A.-Húnavatnssýslu, formaður búnaðarsambands A.-Hún., formaður búnaðarfélags Ás-

77 hrepps, einn maður kosinn af sýslunefnd A.-Hún. til 4 ára í einu, einn niðji hjón-
 12. júlí anna Lárusar Björnssonar og Péturínu Jóhannsdóttur, bóndi í Grímstungu meðan til er, annars einhver niðji búsettur í hreppnum kjörinn af hreppsnefnd. Sé þetta hvorugt til staðar, kýs hreppsnefnd Áshrepps einn mann til 4 ára í senn. Gæzlu-
 maður og formaður sjóðsstjórnar er formaður búnaðarfélags Áshrepps. Halda skal gerðabók fyrir sjóðinn og færa þar árlega reikninga hans, fundargerðir og annað, er viðkemur honum.

Reikninga sjóðsins skal endurskoða af sýslunefnd.

5. gr.

Starfssvæði sjóðsins er A.-Húnavatnssýsla, og skal stjórn hans að jafnaði veita árlega verðlaun úr honum til þeirra bænda eða einstaklinga, er ná athyglisverðum árangri í kynbótum sauðfjár eða hrossa.

Fyrir afrek í sauðfjárrækt má veita verðlaun fyrir eftirfarandi atriði:

1. Þeim, sem nær beztum árangri í afurðum af fjárstofni sínum, enda sanni hann það með öruggu skýrsluhaldi og sé starfandi í sauðfjárræktarfélagi. Heimilt er að veita ekki verðlaun árlega.
2. Þeim, sem sýnir kostamestan afkvæmahóp hrúts þau ár, sem afkvæmasýningar eru haldnar, enda sé hópurinn mjög kostamikill.
3. Þeim, sem framleitt hefur þann hrút, sem bezt reynist við afkvæmarannsókn á hverjum 5 árum.

Verðlaun til hrossaræktar veitast þau ár, sem sýningar eru og þá jafnaðarlegast fyrir bezt tamið kynbótahross.

Svo og er heimilt að verðlauna hvern þann félagsskap, er vinnur að ræktun sauðfjár og hrossa og markverðum árangri nær í því starfi.

6. gr.

Ávallt skal minnst $\frac{1}{4}$ ársvaxla leggjast við höfuðstól. Þá getur sjóðsstjórnin ákveðið að meira af þeim leggist við höfuðstólinn, ef henni finnst ekki ástæða til fullra verðlaunaveitinga eitthvert ár. Verðlaun séu veitt í peningum, ásamt skrautrituðu skjali, er í sé fært helztu atriði verðlaunaveitingarinnar.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema með samþykki Grímstunguhjóna meðan þeirra nýtur við. Eftir þeirra dag getur sjóðsstjórnin breytt skipulagsskránni, ef hún er öll sammála um það og sýslunefnd A.-Húnavatnssýslu samþykkir það án mótakvæða.

Péturína B. Jóhannsdóttir.

Lárus Björnsson.